

EINAR SIGMARSSON

## HAMSKIPTI EÐA ENDASKIPTI?

*Um nykur og nykrað, finngálkn og finngálknað*

### 1. Aðfaraorð

Í ÍSLENSKRI þjóðtrú er mikið um kynjaskepnur. Ein þeirra er nykur (í elstu íslensku *nykr*), einnig kallaður *nennir* eða *nóni*, en ekki má hann heyra nafn sitt nefnt eða nokkuð því líkt. Hann er líkastur hesti að sköpulagi, ósjaldan grár eða brúnn að lit, lifir í djúpum stöðuvötnum, ám og jafnvel í hafi en á það til að ganga á land. Verði nokkrum það fyrir að setjast á bak sprettir færleikurinn iðulega úr spori og liggur þá leiðin oftast en ekki í vota gröf nema æðri máttarvöld séu ákölluð.

Í skáldskap er það stundum sagt *nykrað* (í elstu íslensku *nykrat*) þegar myndmál um eitt og hið sama er ósamrýmanlegt, þegar það leikur saman sem á ekki saman. Ekki er að efa að lýsingarorðsmyndin *nykrat* og nafnorðið *nykr* eru tengd en ekki er eins ljóst hvað bindur þau saman.<sup>1</sup> Hér verður grafið fyrir um hver hugrenningatengslin eru og í leiðinni andæft grein Davíðs Erlingssonar í *Griplu* 1998, „Manneskja er dýr og henni er hætt. Um nykrað“.

### 2. Nykur og nykrað

Í íslenskum miðaldaritum er nykraðu lýst sem hálfgildings andstæðu við annað stílhugtak: *nýgervingu*. Í Háttatali í *Eddu* Snorra Sturlusonar (1178/1179-1241) er tilfærð vísa um sverð og myndmálinu lýst svo:

<sup>1</sup> Leitað var heimilda um nykrað og nykur (undir ýmsum nöfnum) í seðlasöfnum Orðabókar Háskóla Íslands og prentuðum orðabókum (Fritzner 1954; Cleasby og Guðbrandur Vigfússon 1874/1957; LP 1931). Orðabók Ármanefndar í Kaupmannahöfn hefur ekki fleiri dæmi á takteinum, segir Þorbjörg Helgadóttir í tölvuskeytum frá 25. október og 3. nóvember 2005. Síðast en ekki síst var lagst yfir þjóðsagnasöfn, fleiri en rúm er til að telja upp hér.

Þat eru nýgørvingar at kalla sverðit orm ok kenna rétt, en slíðirnar gøtur hans, en fetlana ok umgjørð hams hans; þar heldr til ormsins náttúra, at hann skríðr ór hamsi ok til vats. [...] Þá þykkja nýgørvingar vel kveðnar ef þat mál, er upp er tekit, haldi of alla vísulengð. En ef sverð er ormr kallaðr, <en síðan> fiskr eða vøndr eða annan veg breytt, þat kalla menn nykrat, ok þykkir þat spilla.<sup>2</sup>

Í *Þriðju málfærðiritgerðinni* eftir bróðurson Snorra, Ólaf Þórðarson Hvítaskáld (1210/1212-1259), segir að „nykrat eða finngálknat“ sé „løstr“ og verði „mest í nýgørvingum“.<sup>3</sup> Til glöggvunar er tilfært eftirfarandi vísubrot:

Hringtælir gaf hól  
hlýrsólar mér dýra;  
oss kom Hrund til handa  
hræpolls drifin gollí;  
sút þák Herjans hattar.<sup>4</sup>

[*hringtælir*: öðlingur, höfðingi; *hála*: tröllkona; *hlýrsól*: skjöldur; *Hrund*: valkyrja; *hræpollr*: blóð; *drifinn gollí*: gullrekin; *Herjans* (Óðins) *hattar*: hjálmur; *þák*: þáði ég]

Síðan skýrir Ólafur mál sitt:

Hér er øxin kòlluð í qðrum helmingi tröllkona skjaldar [*hála hlýrsólar*] eða valkyrja [*Hrund hræpolls*], en í qðrum helmingi sútt hjálmsins [*sút Herjans hattar*], ok er þar svá skipt líkneskjum á hinum sama hlut, sem nykrinn skiptiz á margar leiðir.<sup>5</sup>

Stundum er vísað til téðra ummæla í *Þriðju málfærðiritgerðinni* og jafnvel líka í Háttatali *Snorra-Eddu* og látið svo heita að nykurinn sé talinn geta hleypt

<sup>2</sup> *Edda Snorra Sturlusonar* (1931:217, stafsetning hér samræmd, ES).

<sup>3</sup> Óláfr Þórðarson (1927:55-56), sbr. *Trefjægra* (1884:19, 80).

<sup>4</sup> *Skjð B I* (1912:451), sbr. *Skjð A I* (1912:479).

<sup>5</sup> Óláfr Þórðarson (1927:56), sbr. *Trefjægra* (1884:19, 80, vísubrotið skýrt á bls. 191). – Á öndverðri fjórtánu öld er vísað til orða Hvítaskáldsins í *Fjórtu málfærðiritgerðinni*: „[K]allar Óláfr þat finngálknat, er líkum er skipt á einum hlut í enni sömu vísu, ok berr bezt at hinn sami hátt sé haldinn um alla vísu“ (*Trefjægra* 1884:131, stafsetning hér samræmd, ES).

hömum án þess að tíunduð séu beinhörð dæmi um það úr íslenskum bók- eða munnenntum. Þannig er því meðal annars farið um tvö þekkt rit frá nítjándu öld:

- *Lexicon poëticum antiquæ linguæ septentrionalis* (1860), orðabók Sveinbjarnar Egilssonar (1791-1852) um norrænt og forníslenskt skáldamál með skýringum á latínu.<sup>6</sup>
- *An Icelandic-English Dictionary* (1874), orðabók byggð á handritum Richards Cleasbys (1797-1847). Guðbrandur Vigfússon (1827-1889) gaf út og jók við efni.<sup>7</sup>

Á tuttugustu öld leika fleiri sama leikinn, svo sem Dag Strömbäck og Edith Marold.<sup>8</sup> Davíð Erlingsson ræður sömuleiðis af *Þriðju málfræðiritgerðinni* að nykurinn sé hamhleypa og bætir um betur, segir orðrétt: „Á þessu leikur ekki heldur vafi, skv. vitnisburði þjóðsagnanna.“<sup>9</sup> Engin tekur hann þó dæmin en segir:

[H]lutverk texta er sambærilegt við starfa reiðdýrs sem ber riddara sinn einhverja leið. Taki reiðdýrið völdin af honum og beri hann þangað sem hann vildi ekki, þá er textinn orðinn það sem nykurinn er myndhverfður persónugervingur fyrir, og lesturinn súa reið á honum sem skiptir máli fyrir okkur með því að skipta máli okkar, breyta afstöðu okkar til veruleikans.<sup>10</sup>

Snorri Sturluson og Ólafur Þórðarson mæla að vísu gegn nykruðu en vel má vera að sum önnur norræn miðaldaskáld hafi ekki talið það síðra en nýgervingu eins og Hallvard Lie hefur leitt rök að.<sup>11</sup> Hitt er öllu umdeilanlegra hvernig Davíð skýrir nafngiftina *nykrat*:

Þegar kenningar æpa hver gegn annarri ósamhæfar myndir af veruleikanum, mun það hafa verið nefnt nykrað vegna þess að reynslan af

<sup>6</sup> Sveinbjörn Egilsson (1860:607).

<sup>7</sup> Cleasby og Guðbrandur Vigfússon (1874:459).

<sup>8</sup> Strömbäck (1967:432-438, einkum dlk. 433); Marold (1993:283-302, einkum bls. 286-287).

<sup>9</sup> Davíð Erlingsson (1998:55-56).

<sup>10</sup> Davíð Erlingsson (1998:58).

<sup>11</sup> Lie (1952, einkum bls. 30-51, 80 og 1982, einkum bls. 138-159, 188), sbr. Marold (1993).

því hafi þótt lík því að ráða ekki reiðskjótanum og vera jafnvel í bráðum háska á baki hans.<sup>12</sup>

En hversu óyggjandi ætli það sé að hinn íslenski nykur hafi verið talinn geta skipta hömum? Við nánari athugun virðist ekki hlaupið að því að finna slíku stað í digrum sagnasjóði Íslendinga. Í latínuritinu *De mirabilibus Islandiae* (Af undrum Íslands) segir þó Gísli Oddsson (1593-1638) Skálholtsbiskup að nykurinn sé oftast í hestslíki en geti einnig tekið á sig mynd nauts, fisks eða stórs lax.<sup>13</sup> Kannski á Gísli við sænaut, alla vega segir í latínukvæðinu *Noctes Setbergenses* (Nætur á Setbergi) eftir séra Þorstein Björnsson (um 1612-1675) að stöku sinnum bregðist nykurinn í nautslíki og berist þá baul úr vötnum. Því dragi vatn eitt austanlands nafn af nautum.<sup>14</sup> Trúlega á Þorsteinn þar við Sænautavatn í Jökuldalsheiði.

Í Kumburtjörn hjá Skarði undir Skarðsfjalli í Landsveit átti að hafa verið nykur. Eitt sinn skaut þar upp kollinum grá kýr, stór vexti með troðið júgur. Þegar átti að mjólka hana kom á daginn að klaufirnar sneru öfugt, líkt og hófar á nykri. Kramdi hún barn til dauðs og hvarf síðan. „Sú er saga til þess, að nykur sé ekki bundinn við hestlíki eittsaman,“ segir Jón Árnason (1819-1888) í *Íslenzkum þjóðsögum og æfintýrum* I og ræður slíkt hið sama af Háttatali og *Þriðju málfræðiritgerðinni*.<sup>15</sup>

Annað heiti á nykri er *kumbur*. Það skyldi þó ekki vera að kýr í Kumburtjörn hafi dregið dóm af nykri? Og nykur í Sænautavatni farið að baula eins og griðungur? Hér skal ekki lítið gert úr hamhleypusögum af nykrum í Sænautavatni og Kumburtjörn en þó dregið í efa að þær séu ævafornar.

Næst verða fyrir *Íslenzkar þjóð-sögur og -sagnir*, fimmta bindi í safni Sigfúsar Sigfússonar (1855-1935), fyrst útgefið tíu árum eftir fráfall hans. Þar er nykurinn sagður geta brugðið sér í ýmissa kvikinda líki, svo sem manns eða nauts. Þannig séu tilkomin vísuorðin *Nykurinn söðlar sinn gangvarann grá* en upprunalega hafi þau „líklega“ hljóðað svo: *Hann nykurinn söðlar, sinn gangavarrann grá*.<sup>16</sup> Sigfús virðist því telja að hér séu tvö atkvæði fallin niður (tólf at-

<sup>12</sup> Davíð Erlingsson (1998:58).

<sup>13</sup> Gísli Oddsson (1917:40-41 og 1942:69).

<sup>14</sup> AM 703 I 4to (bl. 4v-5r). Það handritsbrot er talið vera frá sautjándu öld (Kålund 1894:119).

<sup>15</sup> *ÍslþjsJÁ* 1 (1862:136, sjá líka bls. 135), sbr. *ÍslþjsJÁ* 1 (1954:130-131). Jón vísar einnig í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá 1752-1757, *Reise igiennem Island* (Eggert Ólafsson 1772:55-56, 711-712 [§§ 78, 745]). Þar fer þó engum sögum af því að nykur geti skipt hömum.

<sup>16</sup> *ÍslþjsSS* 5 (1945:73).

kvæði orðin að tíu), tvær setningar orðnar að einni og nykurinn sé upprunalega sá sem er söðlaður, gæðingurinn grái, en ekki sá sem söðlar. Hér væri þá yngri sagan sú að nykurinn gæti brugðist í mannsmynd.

Varla verður annað haft til marks um hamskipti í safni Sigfúsar nema ef vera skyldi saga af nykri í Skinnbeðju, tjörn skammt frá Kollsstöðum á Völlum (Suður-Múlasýslu). Átti hann skinnsæng og dró vatnið nafn af þeirri voð. Sá nykur „sýndi [...] sig jafnan sem gráan hest“, segir í frumútgáfu (1945).<sup>17</sup> Hátt í fjórum áratugum síðar (1982) bjó Óskar Halldórsson þá endursögn Sigfúsar til prentunar; þar segir að Skinnbeðjunykurinn sé „stundum manns-eðlis“.<sup>18</sup>

Á Útnyrðingsstöðum á Völlum voru uppalin Anna (1870-1924) og Þorsteinn Metúsalem (1885-1976), Jónsbörn. Árið 1902 skráði Þorsteinn sögu af Skinnbeðjunykrinum eftir systur sinni. Þar segir að forðum daga hafi börn á Kollsstöðum rekist á hest við tjörnina og lagt á hann bjóra úr rekkjum heimilismanna. Þegar yngsta barnið ætlaði á bak varð því að orði: „Hann nennir ekki.“ Skipti engum togum að klárinn sentist af stað og hvarf ofan í vatnið – með bjórana en engin börn. Af því dró tjörnin síðan nafn.<sup>19</sup> Hér virðist Skinnbeðjunykurinn ekki hafa þurft á skinnverunum að halda, hvað þá ætlað sér að komast yfir þau, heldur einfaldlega fælst þegar honum heyrðist nafn sitt nefnt. Hvergi er heldur á því imprað í endursögn Þorsteins að Skinnbeðjunykurinn hafi átt það til að bregðast í mannsmynd.

Að öðru jöfnu hafa hestar af holdi og blóði ekki sofið undir sæng en hér skal þó ekki kveðið upp úr um að mannseðli hafi átt að skýra af hverju Skinnbeðjunykurinn ætti sæng.

En fleiri hamhleypusögum fer af nykri. Þjóðsagnapulurinn Ólafur Davíðsson (1862-1903) hefur eftir séra Valdimar Briem á Stóranúpi í Árnessýslu (1848-1930) að nykurinn geti breytt sér í hvað sem er, lifandi eða dautt, nema vorull og bankabygg.<sup>20</sup>

Enn einn þjóðsagnasafnarinn, Einar Guðmundsson (1905-1991), hermir að nykurinn sé „oftast í hestslíki“ en þó „gamalt mál“ að hann „geti breytt sér í flesta hluti, lifandi og dauða, eins og margar sögur benda til“.<sup>21</sup> Einar útlistar

<sup>17</sup> *ÍslþjsSS* 5 (1945:80, sjá líka bls. 81).

<sup>18</sup> *ÍslþjsSS* 4 (1982:91, sjá líka bls. 92).

<sup>19</sup> *Gríma* 4 (1931:76-77); *Gríma hin nýja* 3 (1964:206); *ÍslþjsSS* 5 (1945:80-81, einkum bls. 81).

<sup>20</sup> Ólafur Davíðsson (1898:21 og 1900:188).

<sup>21</sup> *ÍslþjsEG* [1] (1932:66), sbr. *ÞjsþEG* 1 (1981:43).

ekki frekar hvað hann hafi fyrir sér og verður slíku tæpast fundinn staður í þjóðsagnaritum hans.

Ekki er einboðið að túlka *Snorra-Eddu* og *Þriðju málfræðiritgerðina* svo að nykurinn sé þar talinn geta hleypt hömum enda hafa engin merki fundist um það í öðrum miðaldaverkum. Á síðari öldum virðast slíkar lýsingar fáar og gildi þeirra óljóst. Óvíst er að hamhleypusögur af nykri hafi verið komnar á kreik á Íslandi á þrettánda öld þegar *Þriðja málfræðiritgerðin* var tekin saman. Að sama skapi má efast um að nykrað sé hugsað út frá sögnum um að hinn íslenski nykur gæti skipt hömum.

Í *Griplu* 1998 minnst Davíð Erlingsson ekki aukateknu orði á sköpulag nykurs en í íslenskum þjóðsögum er þess víða getið að búkur og haus snúi fram, eins og á hesti, en eyru eða hófar aftur.<sup>22</sup> Sennilega sér þess stað í frásögn *Landnámu* af Auðuni stota í Hraunsfirði á Snæfellsnesi. Dag einn sá Auðun apalgráan hest renna ofan frá Hjarðarvatni, náði honum og beitti fyrir tveggja yxna sleða en þegar sól var gengin til viðar sleit eykurinn sig lausan og hljóp til vatnsins.<sup>23</sup> Sást ekki til hans síðan. Í *Landnámugerð Sturlu Þórðarsonar* (1214-1284), bróður Ólafs hvítaskálds, er því lýst, þegar degi hallaði, hvernig jórinn varð æ óstilltari, „steig [...] í völlinn til hófskeggja“.<sup>24</sup> „[S]tét hann í völlinn harðan til hófskeggja,“ segir sömuleiðis í *Landnámugerð Hauks Erlendssonar* (d. 1334).<sup>25</sup> Hófskegg er hárbúskur aftan á hrossfæti, rétt ofan við hófinn. Þegar hestur er á ferð fellur að jafnaði meiri þungi framan á fæturna en aftan á þá. Í *Sturlubók* og *Hauksbók Landnámu* er þannig látið að því liggja að úr Hjarðarvatni hafi komið nykur í hestslíki en með öfuga hófa.

Í *Þriðju málfræðiritgerðinni* geta orðin „nykrinn skiptiz á margar leiðir“ allt eins vísað til þess að sú skepna sé ósamhverf í vextinum, öfuguggi ef svo má að orði komast. Hugrenningatengsl við blendið sköpulag gætu þá skýrt hvers vegna misvísandi líkingamál um eitt og hið sama í sömu vísu var kallað *nykrat*.

<sup>22</sup> Sbr. t.d. *ÍslVolksKM* (1860:146-148); *ÍslþjsJÁ* 1 (1862:135); *ÍslþjsJÁ* 1 (1954:129-131); *ÍslþjsJÁ* 3 (1955:207, 208, 210, 211); *ÞjtrOB* (1977:221-222); *ÍslþjsÓD* 3 (1945:37); *ÍslþjsSS* 5 (1945:73, 78-79, 80, 82-84); *ÍslþjsSS* 4 (1982:81, 88-89, 90, 94-96); *ÍslþjsÓSM* 4 (2000:109-110).

<sup>23</sup> Hjarðarvatn er það sem nú heitir Hraunsfjarðarvatn, að því er Árni Thorlacius (1802-1891) telur (*Safn* 2 1886:286).

<sup>24</sup> *ÍF* 1 (1986:120), sbr. *Landnámabók* I-III (1900:151). Texti eftir AM 107 fol (bl. 17v).

<sup>25</sup> *ÍF* 1 (1986:121), sbr. *Landnámabók* I-III (1900:30). Sá hluti Hauksbókartextans er varðveittur í uppskrift Jóns Erlendssonar í Villingaholti (d. 1672), í AM 105 fol (bl. 19v).

### 3. Finngálkn og finngálknað

Í *Þriðju málfraeðiritgerðinni* virðast hugtökin *nykrat* og *finngálknat* lögð að jöfnu („lostr [...] er vér kōllum nykrat eða finngálknat“). Allvíða er getið um finngálkn og kynjaskepnur með svipuðum nöfnum, svo sem *finngálki* og *fin(n)-gálpur*. Ætli hugmyndir miðaldamanna um finngálkn geti skýrt hvernig *nykrat* er upphaflega hugsað? Hér verður fyrst fyrir norræn þýðing á einni kunnustu kennslubók miðalda: *Physiologusi*. Þar segir – í íslensku handritsbroti frá því um 1200 (AM 673a I 4to):

Honocentærvs heytur dýr þat es ver kōllom fin galkan. I þat es maþr.fram en dýr aftr.<sup>26</sup>

Rithátturinn „fin galkan“ virðist standa fyrir þríkvæða mynd þolfalls eintölu, með stutt *a* að þriðja sérhljóði, þótt ekki sé vitað af fleiri dæmum um orðið *finngalkan* eða *finngálkan*. Í rithættinum „Honocentærvs“ er ‘H’-inu ofaukið en áblástur (*spiritus asper*) var orðinn torgreinalegur í miðaldalatínu og þess vegna ætlaður staður í orðum sem hófust að réttu lagi á sérhljóði eins og *o*.<sup>27</sup> Með samræmdri stafsetningu er textinn á þessa leið:

Onocentaurus heitir dýr þat es vér kōllum finngalkan. Þat es maðr fram en dýr aptr.

Orðið *onocentaurus* er samsett, fengið að láni úr forngrísku. Fyrri hlutinn er stofn nafnorðsins *ónos* ‘asni’, sá síðari er ummyndun á gríska nafnorðinu *kéntauros*.<sup>28</sup> Í grískum og latneskum fornaldar- og miðaldaverkum er onokentár uppskálduð skepna, yfirleitt í mannsmynd að ofan en með asna- eða hrossbúk fyrir neðan naflastað, með tvo handleggi og fjóra fætur.

Yngri útlitslýsingar á finngálkni hníga í svipaða átt og norræn þýðing *Physiologusar*. Í *Örvar-Odds sögu* er „finngálkni“ þannig lýst að það sé „maðr at sjá upp til höfuðsins, en dýr niðr“.<sup>29</sup> Í *Blómsturvallasögu* segir að *finngálpur* tveir hafi

<sup>26</sup> AM 673a I 4to (bl. 1v), sbr. *ÁNOH* (1889:261) og *EIS* (1965:vii).

<sup>27</sup> Sbr. Dahlerup (1889:261-262); Kühner (1912:43-44, 188-189 [§§ 5 1, 37a 3]); Hammond (1977:67).

<sup>28</sup> Í forngrískum orðum markar broddur [ ] áhersluna en í forngrísku er hún ekki föst á 1. atkvæði, eins og í íslensku, heldur víxlandi og í mörgum orðum óregluleg.

<sup>29</sup> *Örvar-Odds saga* (1888:127).

manns hendr ok manns höfuð ok alla mannsköpun ofan at lendum, en brjóst ok klær sem á úargadýrum [...] ok lendar sem á hesti ok hófa á aptari fótum, hala langan ok digran.<sup>30</sup>

Í *Hjálmþés sögu og Ölvis* á konungssonurinn Hjálmpér orðastað við „finngálkn“ með „hrossrófu, hófa ok fax mikit [...] ok hendr stórar“.<sup>31</sup> Í þjóðsögum, meðal annars í safni Jóns Árnasonar, er finngálkn afsprengi refs og kattar hvors af sínu kyni.<sup>32</sup> Það má heimfæra upp á *Örvar-Odds sögu* og fleiri lýsingar að finngalkan, finngálkn eða fin(n)gálpur sé blendingur tveggja skepna.<sup>33</sup>

Ekki er fráleitt að Ólafur hvítaskáld hafi haft nasasjón af hugmyndinni um tvískipt sköpulag finngálkns áður en hann setti saman málskrúðsfræði sína, til dæmis úr norrænni þýðingu *Physiologusar*. Að vísu skal þess getið að höfundur *Örvar-Odds sögu* segir finngálknið áður hafa verið „gýgi“, tröllkonu.<sup>34</sup> Þar gæti verið átt við hamskipti. Þess vegna hafa miðaldamenn séð svip með nykruðu og finngálknuðu, segir Thomas Krömmelbein án þess að finna því beinlínis stað í sögnum að nykurinn bregðist í mismunandi líki.<sup>35</sup> Í *Hjálmþés sögu og Ölvis* reynist finngálkn vera kóngsdóttir í álögum en verður tæpast talið hamhleypa í eðli sínu því að áþjáninni veldur meinfýsin stjúpa. Í öðrum lýsingum sér þess ekki stað að finngálkn skipti hömum en aftur á móti er blendið sköpulag leiðarstef í þeim mörgum. Stílhugtakið *finngálknat* mun fremur draga af því nafn að finngálkn hafi verið sagt blendingur í útliti en hamhleypa. Það viðurkennir Davíð Erlingsson en telur þó allt öðru máli gegna um *nykrat*.<sup>36</sup>

<sup>30</sup> *Blómstrvallasaga* (1855:17, sjá líka bls. 58). Í þeirri útgáfu hefur Theodor Möbius prentað textann eftir tveimur handritum sögunnar (bls. 1-49 eftir AM 522 4to og bls. 50-77 eftir AM 523 4to). Í AM 522 4to (bl. 9r) stendur „fingalpar“ en Möbius kýs að prenta „fingálptra“ og er það leiðrétt hér, ES.

<sup>31</sup> *FSN* 4 (1954:198), sbr. *FSN* 3 (1830:473). Í upprunalegasta handritinu stendur hér „fyn-galknt“ og á öðrum stað er orðið í þágufalli eintölu: „fyn-gálknj“ (AM 109a III 8vo, bl. 267r, 281v).

<sup>32</sup> *ÍslþjsJÁ* 1 (1862:613); *ÍslþjsJÁ* 1 (1954:611); Magnús Grímsson (1936-1940:258-259); *ÍslþjsSS* 6 (1945:60-61); *ÍslþjsSS* 4 (1982:233-234).

<sup>33</sup> Sjá Einar Sigmarsson (2004:11-15, 19-22, 24-28, 40, 121).

<sup>34</sup> *Örvar-Odds saga* (1888:126).

<sup>35</sup> Krömmelbein (1998, einkum bls. 26-27, 146-148).

<sup>36</sup> Davíð Erlingsson (1998, einkum bls. 59).



## 4. Lokaorð

Í varðveittum sögnum er nykurinn langoftast í hestslíki en þó iðulega með öfuga hófa eða eyru nema hvort tveggja sé. Þannig er meira upp úr því lagt að sköpulagið sé öfugsnúið en síbreytilegt og synd að segja að nykurinn samsami sér í vextinum frekar en finngálkn. Á þann veg má skýra hvers vegna „nykrat“ og „finngálknat“ eru lögð að jöfnu í *Þriðju málfraeðiritgerðinni*. Að sama skapi má ætla að þverstæðukennd líkamslögun nykurs hafi ráðið því að misvísandi myndmál um eitt og hið sama var kallað *nykrat*. Alla vega verður það seint skýrt með þokukennendum hugrenningum um „að ráða ekki reiðskjótanum og vera jafnvel í bráðum háska á baki hans“, eins og Davíð Erlingsson kemst að orði.<sup>37</sup>

Í nýgervingu er myndmál sömu vísu einsleitt og heildstætt, í nykrudu sundurleitt og brotakennt. Eðlilega getur grótesk mynd af tilteknu fyrirbæri í sömu vísu vakið hugrenningatengsl við mósaíkmynd af sagnaskepnu. Trúlegra er að nafngiftin *nykrat* sé sótt í hugmyndir um endaskipti en hamskipti.

## HEIMILDIR

*Handrit og útgáfur*

AM 105 fol.

AM 107 fol.

AM 522 4to.

AM 523 4to.

AM 673a I 4to.

AM 703 I 4to.

AM 109a III 8vo.

*Blómstrvallasaga*. 1855. Theodorus Möbius edidit. Breitkopfius et Härtelius, Lipsiæ [c: Breitkopf & Härtel, Leipzig].

*Edda Snorra Sturlusonar* udgivet efter håndskrifterne af Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat ved Finnur Jónsson. 1931. Gyldendalske Boghandel – Nordisk Forlag, København.

[Eggert Ólafsson.] 1772. *Vice-Lavmand Eggert Olafsens og Land-Physici Biarne Povelsens Reise igiennem Island*, foranstaltet af Videnskabernes Sælskab i Kiøbenhavn, og beskreven af forbemeldte Eggert Olafsen, med dertil hørende 51 Kobberstøkker og et nyt forfærdiget Kart over Island. Første Deel og Anden Deel. [Jón Eiríksson og Gerhard Schöning bjuggu til prentunar.] [Án forlags], Sorøe.

*EIS = Early Icelandic Script as Illustrated in Vernacular Texts from the Twelfth and Thirteenth Centuries*. 1965. Edited by Hreinn Benediktsson. (Íslensk handrit. Icelandic Manuscripts. Series in Folio. Vol. II.) The Manuscript Institute of Iceland, Reykjavík.

<sup>37</sup> Davíð Erlingsson (1998:58).

- FSN 3 = Fornaldar sögur Norðrlanda III.* 1830. Eptir gömlum handritum utgefna af C[arl] C[hristian] Rafn. [Án forlags,] Kaupmannahöfn.
- FSN 4 = Fornaldar sögur Norðurlanda IV.* 1954. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan[, Reykjavík]. [Ljósprentun 1959.]
- Gíslí Oddsson. 1917. *Annalium in Islandia farrago and De mirabilibus Islandiae*. Edited by Halldór Hermannsson. (Islandica X.) Cornell University Library, Ithaca, New York. [Endurprentun. Klaus Reprint Corporation, New York, 1966.]
- Gíslí Oddsson. 1942. *Íslenzk annálabrot [Annalium in Islandia farrago] og Undur Íslands [De mirabilibus Islandiæ]*. Jónas Rafnar sneri á íslenzku. Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri.
- Gríma 4 = Gríma. Þjóðsögur IV.* 1931. Safnað hefur Oddur Björnsson. Jónas Rafnar bjó undir prentun. Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri.
- Gríma hin nýja 3 = Gríma hin nýja. Safn þjóðlegra fræða íslenzkra.* Þriðja bindi. 1964. Þorsteinn M. Jónsson gaf út. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- IslVolksKM = Isländische Volkssagen der Gegenwart, vorwiegend nach mündlicher Überlieferung gesammelt, und verdeutscht von Dr. Konrad Maurer, ordentl. öffentl. Professor des deutschen Rechts an der Münchener Hochschule.* 1860. Verlag der J. C. Hinrichs'schen Buchhandlung, Leipzig.
- ÍF 1 = Íslendingabók. Landnámabók.* 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslenzk fornrit I.) Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.
- ÍslþjsEG [1] = Íslenzkar þjóðsögur [I].* 1932. Safnað hefur Einar Guðmundsson. Ólafur Erlingsson, Reykjavík.
- ÍslþjsJÁ 1 = Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri I.* 1862. Safnað hefir Jón Árnason. Að forlagi J. C. Hinrichs's bókaverzlunar, Leipzig.
- ÍslþjsJÁ 1 = Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I.* 1954. Safnað hefur Jón Árnason. Ný útgáfa. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík. [Fyrst út. 1862.]
- ÍslþjsJÁ 3 = Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri III.* 1955. Safnað hefur Jón Árnason. Nýtt safn. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- ÍslþjsÓD 3 = Íslenzkar þjóðsögur III.* 1945. Safnað hefur Ólafur Davíðsson. Búið hafa til prentunar Jónas J. Rafnar og Þorsteinn M. Jónsson. Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri.
- ÍslþjsÓSM 4 = Íslenskt þjóðsagnsafn 4.* 2000. Ólafur Ragnarsson, Sverrir Jakobsson og Margrét Guðmundsdóttir sáu um útgáfuna. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- ÍslþjsSS 4 = Íslenskar þjóðsögur og sagnir IV.* 1982. Safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon. Ný útgáfa. Óskar Halldórsson bjó til prentunar. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- ÍslþjsSS 4-6 = Íslenzkar þjóð-sögur og -sagnir IV-VI.* 1945. Safnað hefur og skráð Sigfús Sigfússon. Víkingsútgáfan, Reykjavík.
- Landnámabók I-III. Hauksbók. Sturlubók. Melabók m. m.* 1900. [Udgiven af Finnur Jónsson.] Det kongelige nordiske Oldskrift-Selskab, København.
- Ólafur Þórðarson. 1927. *Málhljóða- og málskrúðsrit. Grammatisk-retorisk afhandling.* Udgiven af Finnur Jónsson. (Det Kgl. Danske Videnskabernes Selskab. Historisk-filologiske Meddelelser XIII, 2.) Andr. Fred. Høst & Søn, Kgl. Hof-Boghandel, København.
- Skjald A I = Den norsk-islandske skjaldedigtning.* 1912. Udgiven af Kommissionen for

- det Arnamagnæanske Legat ved Finnur Jónsson. A. Tekst efter håndskrifterne. I. bind. Gyldendalske Boghandel, Nordisk Forlag, København og Kristiania.
- Skjld B I* = *Den norsk-islandske skjaldedigtning*. 1912. Udgiven af Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat ved Finnur Jónsson. B. Rettet tekst. I. bind. Gyldendalske Boghandel, Nordisk Forlag, København og Kristiania.
- Treffjægra* = *Den tredje og fjærde grammatiske afhandling i Snorres Edda tilligemed de grammatiske afhandlingers prolog og to andre tillæg*. 1884. Udgivne for Samfundet til udgivelse af gammel nordisk literatur af Björn Magnússon Ólsen. (STUAGNL XII.) Fr. G. Knudtzons Bogtrykkeri, København.
- PjþspEG 1* = *Pjóðsögur og þættir I*. 1981. [Safnað hefur] Einar Guðmundsson. Skuggsjá, Hafnarfirði. [2. útgáfa. 1. hefti fyrst útg. 1932.]
- PjtrOB* = *Pjóðtrú og þjóðsagnir*. 1977. Safnað hefur Oddur Björnsson. Jónas Jónsson bjó undir prentun. Önnur útgáfa, aukin. Steindór Steindórsson frá Hlöðum annaðist útgáfuna. Bókaförlag Odds Björnssonar, Akureyri. [Fyrst útg. 1908.]
- Orvar-Odds saga*. 1888. Herausgegeben von R[ichard] C[onstant] Boer. E. J. Brill, Leiden.
- ÁNOH* = „Physiologus i to islandske bearbejdelser. Udgiven med indledning og oplysninger af Verner Dahlerup. (Hertil et lithograferet facsimile.)“ *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie*. Udgivne af Det kongelige nordiske Oldskrift-Selskab. 1889. II. Række. 4. Bind, bls. 199-290. I Commission i den Gyldendalske Boghandel, Kjøbenhavn.

### Rannsóknir

- [Cleasby, Richard, og Guðbrandur Vigfússon.] 1874. *An Icelandic-English Dictionary*. Based on the ms. collections of the late Richard Cleasby. Enlarged and completed by Gudbrand Vigfusson, M.A. With an introduction and life of Richard Cleasby by George Webbe Dasent, D.C.L. The Clarendon Press, Oxford.
- [Cleasby, Richard, og Guðbrandur Vigfússon.] 1957. *An Icelandic-English Dictionary*. Initiated by Richard Cleasby. Subsequently revised, enlarged and completed by Gudbrand Vigfusson, M.A. Second edition with a supplement by Sir William A. Craigie containing many additional words and references. The Clarendon Press, Oxford. [Fyrst útg. 1874.]
- Dahlerup, Verner (útg.). 1889. „Physiologus i to islandske bearbejdelser.“ *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie*. Udgivne af Det kongelige nordiske Oldskrift-Selskab. II. Række. 4. Bind, bls. 199-290. I Commission i den Gyldendalske Boghandel, Kjøbenhavn.
- Davíð Erlingsson. 1998. „Manneskja er dýr og henni er hætt. Um nykrað.“ *Gripla X*: 49-61.
- Einar Sigmarsson. 2004. „Þeim var ei skapað að skilja. Fengist við finngálkn.“ Ritgerð til MA-prófs í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Fritzner, Johan. 1954. *Ordbog over Det gamle norske Sprog I-III*. Nytt uforandret Opptrykk av 2. Utgave (1883-1896). Tryggve Juul Møller Forlag, Oslo. [Óbreytt prentun eftir 2. útgáfu 1883-1896, breytttri og aukinni. Fyrst útg. 1867.]
- Hammond, Mason. 1977. *Latin. A Historical and Linguistic Handbook*. Harvard University Press, Cambridge, Massachusetts; London, England. [2. prentun. Fyrst útg. 1976.]
- Krömmelbein, Thomas (útg.). 1998. Óláfr Þórðarson Hvítaskáld: *Dritte Grammatiscche Abhandlung*. Der isländische Text nach den Handschriften AM 748 I, 4<sup>o</sup> und Codex

- Wormianus herausgegeben von Björn Magnus Ólsen. (Studia Nordica 3.) Novus forlag, Oslo.
- Kühner, Raphael. 1912. *Ausführliche Grammatik der lateinischen Sprache*. Erster Band. Elementar-, Formen- und Wortlehre. Zweite Auflage. Neubearbeitet von Dr. Friedrich Holzweissig, Gymn.-Direktor a. D. Hahnsche Buchhandlung, Hannover. [Fyrst útg. 1877.]
- Kålund, Kr[istian]. 1894. *Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling II*. Udgivet af Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat. Gyldendalske Boghandel, København.
- Lie, Hallvard. 1952. „Skaldestil-studier.“ *Maal og Minne*:1-92.
- Lie, Hallvard. 1982. *Om sagakunst og skaldskap. Utvalgte avhandlingar*. Alvheim & Eide, Øvre Ervik.
- LP = *Lexicon poeticum antiquæ linguæ septentrionalis. Ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog*. 1931. Oprindeligt forfattet af Sveinbjörn Egilsson. Forøget og påny udgivet for Det kongelige nordiske Oldskriftselskab. 2. udgave ved Finnur Jónsson. S. L. Møllers Bogtrykkeri, København. [Fyrst útg. 1860.]
- Magnús Grímsson. 1936-1940. „Formminjar um Reykjanesskaga.“ *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess. Ýmsar ritgerðir II*, bls. 243-262. Félagið Ingólfur, Reykjavík.
- Marold, Edith. 1993. „Nýgerving und Nykrat.“ Jørgen Højgaard Jørgensen (ritstj.): *Twenty-Eight Papers Presented to Hans Bekker-Nielsen on the Occasion of His Sixtieth Birthday 28 April 1993*, bls. 283-302. Odense University Press[, Odense].
- Orðabók Árnafndar, Kaupmannahöfn.
- Orðabók Háskóla Íslands, Reykjavík (seðlasöfn).
- Ól[afur] Dav[íðsson]. 1898. „Kreddur.“ *Huld. Safn alþýðlegra fræða íslenzkra* [VI]:3-24.
- Ólafur Davíðsson. 1900. „Íslenzkar kynjaverur í sjó og vötnum. I.“ *Tímarit Hins íslenzka bókmentafélags XXI*:159-188.
- Safn 2 = Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju*. Annað bindi. 1886. Hið íslenzka bókmentafélag, Kaupmannahöfn.
- Strömbäck, Dag. 1967. „Näcken.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid XII*, dálkar 432-438. Bókaverzslun Ísafoldar, Reykjavík.
- Sveinbjörn Egilsson. 1860. *Lexicon poeticum antiquæ linguæ septentrionalis*. Societas regia antiquariorum septentrionalium, Hafniæ.

Einar Sigmarsson  
 Seljalandi 1  
 108 Reykjavík  
 einarsig@hi.is